Fjölmennur súpufundur um vináttu og skólaþjónustu

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla, samráð foreldrafélaga í Árborg og skólaþjónustan héldu fjölmennan og vel heppnaðan kynningar- og súpufund fyrir foreldra og allt áhugafólk um skólamál í Sunnulækjarskóla miðvikudaginn 8. október síðastliðinn. Eftir setningu Rakelar Þorsteinsdóttur, formanns foreldrafélags Sunnulækjarskóla, kynnti Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, helstu áherslur skólaþjónustunnar. Í máli hans kom meðal annars fram að þjónustan eigi að þjóna fjölbreyttum þörfum barna, forelda og starfsfólks skólanna þar sem gott samstarf sé lykill að árangri. Eftir matarhlé þar sem boðið var upp á súpu fjallaði Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í Háskóla Íslands, um vináttu barna og unglinga. Í litlum samræðuhópum glímdi fólk við spurningu um hvað við vildum að börnin okkar tækju með sér útí lífið eftir skólagönguna. Áætlað er að í kringum 160 foreldrar hafi mætt á fundinn og var þéttsetinn Fjallasalur Sunnulækjarskóla.

Fræðsla fyrir foreldra leikskólabarna um tölvu- og netnotkun barna

Dagana 20. – 23. október næstkomandi munu starfsmenn Heimila og Skóla/SAFT koma með fræðslu fyrir foreldra inn á leikskóla í sveitarfélaginu. Beint verður sjónum að tölvu- og netnotkun barna og hvernig sú notkun lýsir sér á hverju aldursskeiði fyrir sig. Einnig verður farið í þætti eins og hvernig börn á mismunandi aldri skynja spjaldtölvur og önnur álíka tæki, hvernig og hvaða mörk á að setja börnum varðandi þessa notkun og margt fleira. Hver leikskóli mun senda út ítarlegri upplýsingar til foreldra.

Þjálfararáðstefna Árborgar

Dagana 26. og 27. september síðastliðinn var þjálfararáðstefna Árborgar haldin í annað skipti. Ráðstefnan er samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Árborgar og UMF Selfoss og var þema ráðstefnunnar að þessu sinni gleði – styrkur – afrek. Margir fagmenn voru með erindi en þar á meðal voru Silja Úlfarsdóttir og Gunnar Magnússon. Skorað var á alla þjálfara í sveitarfélaginu að taka þátt í ráðstefnunni en seinni dagurinn var opinn fyrir utanaðkomandi þjálfara. Ráðstefnan tókst með afbrigðum vel og stefnt er að því halda hana í þriðja sinn að ári liðnu.